

Reykjavík 24.nóv.2022.

Íbúaráð Kjalarnes.

Formaður – Kristjana Þórarinsdóttir.

Ágæta íbúaráð.

Okkur í Skógræktarfélagi Kjalarnes langar til þess að vekja athygli ykkar á því að vegna vegagerðar mun fjöldi trjáa fara undir þann hluta vegarins sem er verið að leggja norðan við félagsheimilið Fólkvang. Þetta eru gerðarleg tré sem hafa náð myndarlegum margra ára vexti og væri slæmt að láta þau fara til spillis ef hægt væri að bjarga þeim. Ekki þarf að færa þessi tré nema stutta vegarlengd og gætu þau þá vaxið og dafnað og veitt vindskjól fyrir td. skólasæðið.

Samskonar ástand er vegna vegaframkvæmdar norðan við þjóðvegin. Þar hefur verið lagður ófrágengin vegur sem mun liggja að hluta yfir trjárækt Skógræktarfélagsins skammt frá Arnarhamri. Við höfum rætt við Vegagerðina og náð samkomulagi um að þeir leggi til tæki og að tré verði færð úr væntanlegu vegstæði og inn á svæði sem ætlað er til skógræktar nokkru norðar. Höfum við væntingar til þess að slíkur flutningur muni ganga enda væri dapurt að sjá tré sem náð hafa góðum vexti til margra ára fara undir veg.

Meðfylgjandi eru myndir sem sýna nánar um hvað málið snýst.

Með bestu kveðjum,

Ólafur Zoega formaður Skógræktarfélags Kjalarnes.

Bjarni Sighvatsson – ritari.





